

TIGI Hárvörur óska eftir öflugum sölumanni til starfa í skemmitlegu & líflegu umhverfi.

Starfið felst einkum í samskiptum við hárfagfólk & er því mikilvægt að viðkomandi hafi menntun á því sviði.

Umsóknir sendist á umsoknir@tigi.is fyrir 26. febrúar.
www.tigi.is

BED
HEAD
TIGI



Stormur ehf. sérhæfir sig í sölu og viðhaldi vélsleða, fjórhjóra, sexhjóra, mótörhjóra og annara tækja.

Við leitum núna að öflugum starfsmanni í fullt starf til þess að hefja störf sem fyrst.

Hæfniskröfur
Almenn þekking í viðgerðum ökutækja
Lestur í viðgerðaforritum
Afburðar Samskiptahæfni
Jákvæðni

Áhugasamir sendi umsókn á stormur@stormur.is fyrir 3.mars nk.

Smíðir – Noregur

Norskt byggingafélag óskar eftir því að komast í samband við húsasmiði.

Um er að ræða vinnu í Suður- Noregi og Oslóarsvæðinu.

Upplýsingar um áhugasama sendist á Netfang: tynes@vhmbygg.no
Einnig eru gefnar upplýsingar á íslensku í síma + 47 41409288 .



Starfsgreinasamband Íslands

Starfsgreinasamband Íslands er stærsta landssambandið innan ASÍ og samanstendur af 19 stéttarfélagum verkafólks með um 50 þúsund félagsmenn. Hlutverk sambandsins er að styðja og styrkja aðildarfélögin í þeirra starfi og hagsmunabaráttu félagsmanna.

Sérfræðingur

Starfsgreinasamband Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing

Starfssvið:

- Utanumhald um ákvæðisvinnu- og kaupaukakerfi
- Túlkun og gerð kjarasamninga
- Stefnumótun í starfsfræðslu- og menntamálum
- Mikil samskipti, bæði innlend og erlend
- Skýrslugerð, fundaritun og umsjón með heimasíðu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun æskileg
- Reynsla af ákvæðisvinnu- og kaupaukakerfum
- Reynsla af og/eða áhugi á kjaramálum
- Reynsla af fræðslumálum
- Góð Excelkunnátta skilyrði
- Hæfni til að miðla upplýsingum í töluðu og rituðu máli
- Góð enskukunnátta og eitt norðurlandamál skilyrði
- Frumkvæði, metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð, öguð og skipulögð vinnubrögð

Upplýsingar veitir:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is



Slysavarnafélagið Landsbjörg eru landsamtök björgunarsveita og slysavarnadeilda á Íslandi.

Starfsemin miðar að því að koma í veg fyrir slys og bjarga mannlífum og verðmætum. Í þeim tilgangi er öflugur hópur sjálfbóðaliða til taks ef út af bregður, á nóttu sem degi, allt árið um kring.

Við stofnun Slysavarnafélagsins Landsbjargar urðu til ein stærstu samtök sjálfbóðaliða á Íslandi með um 18 þúsund félögum sem starfa í björgunarsveitum, slysavarna- og unglingadeildum.

Nánari upplýsingar um félagið má finna á heimasíðu þess www.landsbjorg.is

Framkvæmdastjóri

Slysavarnafélagið Landsbjörg óskar eftir að ráða öflugan og drifandi einstakling í starf framkvæmdastjóra félagsins. Í boði er einstaklega fjölbreytt, lifandi og krefjandi starf.

Starfssvið

- Daglegur rekstur skrifstofu, stjórnun og umsjón með starfsemi félagsins
- Upplýsingagjöf og samskipti við samstarfsaðila
- Frumkvæði að stefnumótun, þróun og áætlanagerð
- Skipulagning og þátttaka í öflugri markaðssetningu félagsins
- Önnur verkefni í samráði við stjórn

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Lipurð í samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Reynsla af stjórnunarstarfi er nauðsynleg
- Stjórnunar- og leiðtogaþæfileikar með áherslu á frumkvæði, samskiptahæfni og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslensku- og enskukunnátta ásamt hæfileika til að tjá sig í ræðu og riti
- Reynsla af sjálfbóðaliðastarfi er æskileg

Fórnfýsi - Forysta - Fagmennska

Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál og þeim svarað. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.

Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir

Vélaviðgerðir Fyrirtæki/stofnun: Íspartar - Vélavit ehf

Öflugt vélaverkstæði í Garðabæ óskar eftir að ráða til sín starfsmann til framtíðarstarfa

Fyrirtækið starfar á sviði varahlutasölu og viðgerða á utanborðsmótum, vinnuvélum og bílum

Viðkomandi starfsmaður mun starfa við almennar viðgerðir á vélum og vélbúnaði vinnuvéla, utanborðsmótum ásamt öðrum vélaviðgerðum á verkstæði fyrirtækisins í Garðabæ og hjá viðskiptavinum

Óskað er eftir starfsmanni með próf í bifvélavirkjun eða vélvirkjun eða mikla reynslu af sambærilegum störfum.

Gerð er krafa um heilsuhreysti, stundvísi og mjög góða íslenskukunnáttu

Laun eru samkomulag

Vinnutími er frá kl. 8-18

Um vinnumarkaðsúrræði er að ræða (skv. reglugerð 012/2009) og er gert ráð fyrir að ráða aðeins fólk af atvinnuleysisráði í reynsluráðningu (4. gr.).

Umsóknir sendist á netfangið hinrik@velavit.is



Lagerstarfsmaður óskast.



Icewear, óskar eftir að ráða starfsmann á lager og útkeyrslu.

Í starfinu felst m.a. tiltekt pantana, móttaka á vörum og annað sem tilheyrir hefðbundnu lagerstarfi. Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, hraustur og áreiðanlegur..

Umsóknir ásamt starfsferilskrá skal senda á netfangið: icewear@icewear.is og agust@icewear.is fyrir 1. mars.

Capacent Ráðningar

SÉRFRÆÐINGUR



Alþýðusamband Íslands er stærsta fjöldahreyfing launafólks á landinu. Um tveir þriðju hlutar launamanna í skipulögðum samtökum á Íslandi eru í ASÍ. Alþýðusambandið berst fyrir bættum kjörum félagsmanna sinna og stendur vörð um réttindi þeirra.

Alþýðusamband Íslands leitar að metnaðarfullum sérfræðingi til starfa í hagdeild sambandsins.

Hagdeildin fæst m.a. við rannsóknir og ráðgjöf á sviði efnahags- og kjaramála auk úttekta og tillögugerðar vegna vinnu samtakanna að velferðar-, skatta-, atvinnu-, og verðlagismálum. ASÍ leggur áherslu á að umsækjandi hafi faglegan metnað, sýni frumkvæði og geti starfað sjálfstætt en eigi jafnframt auðvelt með að vinna í teymi. Hann sé fær í mannlegum samskiptum og eigi auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í hagfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfið. Framhaldsmenntun er kostur
- Reynsla af þjóðhagsútreikningum og gerð kjarasamninga er æskileg
- Þekking á tölfræði og hæfni í útreikningum og úrvinnslu tölulegra gagna
- Gott vald á ensku og einu Norðurlandamáli

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 5. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

YFIRLÖGFRÆÐINGUR



FISKISTOFA

Laus er til umsóknar staða yfirlögfræðings Fiskistofu á aðalskrifstofunni að Dalshrauni 1 í Hafnarfirði. Yfirlögfræðingur heyrir beint undir fiskistofustjóra. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á starfsemi og verkefnum sem heyra undir yfirlögfræðing
- Lögfræðilegur ráðgjafi fiskistofustjóra og forstöðumanna sviða
- Þátttaka í stefnumótun og daglegri stjórnun Fiskistofu
- Ábyrgð á lögfræðilegri meðferð bakreikningsmála
- Úrlausn lögfræðilegra álitafna varðandi fiskeldi
- Yfirumsjón með lögfræðilegum verkefnum varðandi upplýsingamál Fiskistofu og rafræna stjórnsýslu

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæði, nákvæmni og ögun í vinnubrögðum
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu og reynslu af stjórnsýslu ásamt stjórnunarreynslu.

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsvæði, fiskræktar, fiskeldis, hvalveiða o.fl. Hlutverk Fiskistofu er jafnframt að safna upplýsingum um framangreinda málaflokka. Um starfsemi Fiskistofu gilda lög nr. 36/1992 um Fiskistofu. Nánari upplýsingar má finna á www.fiskistofa.is.

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag. Samkvæmt jafnréttisstefnu Fiskistofu eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 27. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Atvinnutækifæri á Austurlandi



Matthías Haraldsson, starfsmaður Alcoa, og fjölskylda hans njóta nálægðarinnar við eitt besta útivistarsvæði á landinu í hjarta Fjarðabyggðar.

Framtíðarstörf og sumarstörf hjá Fjarðaáli

Alcoa Fjarðaál leitar að góðu fólki til starfa í álverinu við Reyðarfjörð. Móðurfyrirtækið Alcoa er leiðandi í áliðnaði og með stöðugar umbætur að leiðarljósi hefur Fjarðaál komist í fremstu röð álvera á skömmum tíma.

Fjarðaál býður fjölbreytt tækifæri til starfsmenntunar og starfsþróunar. Mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði starfsmanna, öfluggu félagsstarfi og stuðningi við samfélagið.

Almennar hæfnikröfur

Starfsmenn Fjarðaáls þurfa að hafa metnað til að takast á við krefjandi verkefni og ná framúrskarandi árangri. Gerð er krafa um sterka öryggisvitund. Starfsmenn vinna í teyrum og verða að búa yfir lipurð í samskiptum. Stöðug þróun framleiðslunnar kallar á frumkvæði en um leið öguð vinnubrögð.

Framleiðslustarfsmenn

Framleiðslustarfsmenn halda framleiðslunni gangandi í kerskála, skautsmiðju og steypuskála. Vaktavinna gefur góðar tekjur og frí aðra hverja helgi. Stóriðjuskóli Fjarðaáls býður framleiðslustarfsmönnum tækifæri til að öðlast fjölbreytta menntun sem nýtist í skólakerfinu. Umsækjendur þurfa að hafa gild ökuréttindi.

Raf- og véliðnaðarmenn

Fjarðaál leitar að raf- og véliðnaðarmönnum í dagvinnu. Áhersla er lögð á að greina ástand búnaðar og stýra viðhaldi. Tækifæri til símenntunar eru mikil. Umsækjendur þurfa að hafa sveinspróf.

Sumarstarfsmenn

Sumarstörf eru í boði hjá Fjarðaáli. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri og geta unnið samfelt í að minnsta kosti tvo og hálfan mánuð. Sumarstarfsmenn í framleiðslu þurfa að hafa gild ökuréttindi. Lönnemar í sumarstörfum verða að hafa lokið grunnnámi á vél- eða rafiðnaðarbraut. Háskólanemar þurfa að hafa lokið að minnsta kosti tveimur árum í verk- eða tæknifræði.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

Áhugasamir eru hvattir til að afla frekari upplýsinga hjá Elínu Jónsdóttur í mannauðsteymi Fjarðaáls, í gegnum netfangið elin.jonsdottir@alcoa.com eða í síma 470 7700.

Skriflegum umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á alcoa.is og frestur til að sækja um störfin er til og með 12. mars 2012.

Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Vågsøy – Vekst- og trivselskommune på Vestlandet

Vågsøy er en naturperle som ligger ytterst i Nordfjord. Kommunen har et aktivt næringsliv med hovedvekt på marine næringer og innovative teknologibedrifter. Vågsøy ligger mellom Ålesund og Bergen. Kommunen har et godt utbygt barnehage- og skoletilbud, kultur- og idrettstilbud og et fantastisk turterreng. Kommunen har 6000 innbyggere og økende folketal. Måløy er kommunesenter.

Vågsøy kommune søker



Teknisk sjef

i en av landets beste næringslivsbyer

For fullstendig utlysning og elektronisk søknadsskjema gå inn på www.vagsoy.kommune.no

Merk søknaden med 12/262 i feltet for arkivsaknr.

Ved spørsmål, kontakt rådmann Svanhild Mosebakken, mobil +47 992 78 533 eller E-post: svanhild.mosebakken@vagsoy.kommune.no

SØKNADSRIST 2. mars 2012

Vågsøy kommune gjør oppmerksom på at det vil bli utarbeidet offentlig søkerliste. Søker som ønsker konfi densiell behandling bes opplyse om dette og grunngi det særskilt i søknaden. Finner vi ikke tilstrekkelig begrunnelse for å bli unntatt offentlighet i følge regler i Offentlighetsloven, vil søker bli kontaktet i forkant.



Capacent Ráðningar

SÉRFRÆÐINGUR Í INNFLUTNINGSDEILD

SAMSKIP

Samskip eru flutningafyrirtæki sem eru með starfstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu og veitir faglega ráðgjöf. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuáðstöðu.

Samskip óska eftir að ráða sérfræðing í krefjandi starf í Innflutningsdeild.

Samskip eru alþjóðlegur vinnustaður sem kappkostar að veita starfsmönnum sínum áskoranir í starfi. Hjá Samskipum eru möguleikar á starfsþróun til framtíðar víða um heim.

Starfslýsing:

- Ábyrgð á markaðs-, framlegðar- og samkeppnisgreiningu fyrir innflutning
- Yfirumsjón með tekju- og kostnaðareftirliti deildarinnar
- Gerð fjárhags- og flutningaáætlana fyrir innflutningsdeild
- Ábyrgð og eftirlit með uppgjöri innflutningsdeildar
- Sala á innflutningsþjónustu Samskipa eftir atvikum
- Náin samvinna við viðskiptastjóra innflutningsdeildar

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf, viðskipta eða verkfræðitengt
- Mjög góð tölvuþekking
- Þekking á SAP er kostur
- Skipulagshæfileikar, nákvæmni og frumkvæði
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum

Gerð er krafa um að viðkomandi einstaklingur sé samvissusamur og fylginn sér.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

FRAMKVÆMDASTJÓRI FRAMKVÆMDASVIÐS



RARIK ehf. er í eigu ríkisins, en er rekið sem opinbert hlutafélag. Hlutverk RARIK er að flytja og dreifa raforku, afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200. Aðalskrifstofur eru í Reykjavík og um 25 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breytt um landið. Sjá nánar um fyrirtækið: www.rarik.is

RARIK óskar eftir að ráða öflugan leiðtoga til að stýra framkvæmdasviði fyrirtækisins.

Meginverkefni framkvæmdasviðs er vinnuflokkastarfsemi ásamt rekstri og viðhaldi véla, bifreiða, tækja og áhalda sem þarf á að halda vegna verkefna sviðsins.

Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart forstjóra fyrir þeim verkefnum sem honum eru falin og að á sviðinu sé unnið samkvæmt verklagsreglum og verkferlum RARIK.

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Yfirumsjón með framkvæmd verka, verkskipulagi og vinnuflokkum
- Skipulag og samræming á starfsemi sviðsins
- Ábyrgð á starfsmannahaldi sviðsins
- Áætlanagerð um mannaflapörf sem og rekstur og viðhald bifreiða og tækja
- Ábyrgð og eftirlit með öryggismálum sviðsins
- Fjármála- og rekstraráætlanir og önnur stefnumótandi áætlanagerð fyrir starfsemi sviðsins
- Aðkoma að gerð innri gjaldskrár RARIK og samningagerð

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnunarstörfum er skilyrði
- Reynsla af rekstri og áætlanagerð
- Leiðtogahæfileikar og geta til forystu
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Hæfni í stefnumótun og skipulagningu
- Rík samskiptahæfni og kunnátta í gerð samninga

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

Umsóknnum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent



Kæliver ehf leitar að öflugum starfsmanni til starfa í þjónustudeild fyrirtækisins.

Fyrirtækið sækist eftir dugmiklum og jákvæðum einstaklingi sem getur axlað ábyrgð og tekist á við krefjandi verkefni. Viðkomandi þarf að vera sveigjanlegur og hafa frumkvæði.

Þjónustudeild leitar eftir velfræðingum/vélvirkjum sem hafa reynslu í þjónustu og eftirliti á frysti- og kælikerfum.

Í starfinu felst aðallega:

- Þjónusta við minni og stærri kælikerfi.
- Þjónusta, uppsetningar og viðgerðir á ammoniak íðnaðarkerfum.
- Æskileg reynsla í TIG suðu / rörasuðu.

Skriflegar umsóknir um menntun og fyrri störf sendist til Kæliver ehf, Vagnhöfða 9, 110 Reykjavík eða rafrænt, á netfangið kaeliver@kaeliver.is.

Allar nánari upplýsingar veitir Steinar Vilhjálmsson, í síma 894-4310.

FAGFÓLK ÓSKAST til framtíðarstarfa

Hjá Prentmeti, Lynghálsi 1 í Reykjavík, eru eftirfarandi störf laus til umsóknar:

Prentsmiður/grafískur miðlari í stafræna prentdeild

Starfið er aðallega fólgið í móttöku verka og prentun á stafrænar prentvélar. Vinnutími er 8:00-16:00. Mikilvægt að viðkomandi hafi góða þekkingu á InDesign, Excel, Acrobat og Illustrator.

Prentari á offsetprentvélar

Starfið er aðallega fólgið í prentun á fjölliða Roland prentvélar. Tvískiptar vaktir. Vinnutími 8:00-16:00 / 16:00-23:00.

Við mat á umsóknum verður tekið sérstakt tillit til reynslu og þekkingar umsækjenda.

Prentmet býður upp á hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri mannaússviðs, netfang: ingasteina@prentmet.is, s. 856 0604.

Atvinnuumsókn er á www.prentmet.is – störf í boði. Umsóknarfrestur er til 2. mars.



Tokyo sushi er vinsæll veitingastaður í Glæsibæ sem býður ferska og fjótlega hollustu. Við leitum að jákvæðum og kraftmiklum starfsmönnum með ríka þjónustulund.

1. Vaktstjóri

Ábyggileg manneskja sem vinnur vel undir álagi og getur stjórnað hópnum. Vaktavinna frá 10.30 eða 11.30 til 21.30. Unnið í 2-3 daga og frí í 2-3 daga.

2. Afgreiðslufólk í sal

ekki eldhús, alla virka daga frá 11.30 til 19.30.

3. Hlutastarfsfólk í sal


ekki eldhús, frá kl. 17 til 21 um helgar.

4. Aðstoðarfólk í eldhús

Sendu okkur umsókn á atvinna@tokyo.is með ferilskrá og mynd. Upplýsingar um staðinn á www.tokyo.is.

Capacent Ráðningar

SÓKNARTÆKIFÆRI



VR er launþegafélag upphaflega stofnað 1891. Tilgangur félagsins er að vinna að bættum kjörum og auknum réttindum félagsmanna sinna. Félagið starfrækir skrifstofur í Reykjavík, á Akranesi, í Vestmannaeyjum og á Egilstöðum.

VR leitar að kröftugum starfsmönnum í fullt starf á sviði vinnumiðlunar og náms- og starfsvals. Um framtíðarstörf er að ræða. Þessir starfsmenn munu leiða þjónustu VR við atvinnuleitendur í hópi VR félaga, með aðaláherslu á vinnumiðlun og ráðgjöf. Tilgangurinn er sá að miðla félagsmönnum VR lausum störfum og eftir þörfum að aðstoða þá með að afla sér þekkingar og hæfni sem eykur möguleika til ráðningar. Um er að ræða mjög krefjandi störf með þátttöku í mótun og uppbyggingu verkefnisins.

HÓPSTJÓRI

Helstu verkefni hópstjóra verða:

- Verkstjórn við Atvinnuleysisbótadeild VR þar sem er vinnumiðlun, ráðgjöf, skráning og upplýsingagjöf til atvinnuleitenda
- Samskipti við vinnuveitendur, VIRK starfsendurhæfingarsjóð og Vinnuálastofnun
- Þátttaka í stefnumótun og mótun ferla
- Skýrslugerð og seta á vinnufundum
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Mikil þekking á vinnumarkaði og atvinnuleysistryggingum
- Góð tölvuþekking er skilyrði
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Sveigjanleiki og færni til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

VINNUMIÐLARI

Helstu verkefni vinnumiðlarans verða:

- Vinnumiðlun til atvinnuleitenda
- Samskipti við vinnuveitendur, VIRK starfsendurhæfingarsjóð og Vinnuálastofnun
- Upplýsingagjöf um ýmis réttindi á vinnumarkaði
- Móttökuvíðtöl og eftirfylgni
- Seta á vinnufundum og önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Þekking og/eða reynsla á sviði vinnumiðlunar við atvinnuleitendur er mjög æskileg
- Þekking á vinnumarkaði og atvinnuleysistryggingum er mjög æskileg
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Áhugi og geta til að setja sig inn í erfiðar aðstæður einstaklinga
- Góð tölvuþekking er skilyrði
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Sveigjanleiki og færni til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

RÁÐGJAFI


Helstu verkefni ráðgjafans verða:

- Ráðgjöf við atvinnuleitendur
- Upplýsingagjöf og ráðgjöf um náms- og starfsval og hvernig atvinnuleit sé best háttað
- Upplýsingagjöf um ýmis réttindi á vinnumarkaði
- Móttökuvíðtöl, eftirfylgni og seta á vinnufundum
- Samskipti við ráðgjafa VIRK starfsendurhæfingarsjóðs og Vinnuálastofnun
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólanám sem nýtist í starfi
- Þekking og/eða reynsla á sviði ráðgjafar við atvinnuleitendur er mjög æskileg
- Þekking á vinnumarkaði og atvinnuleysistryggingum er mjög æskileg
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðmót og þjónustulund
- Áhugi og geta til að setja sig inn í erfiðar aðstæður einstaklinga
- Góð tölvuþekking er skilyrði
- Góð kunnátta í íslensku og ensku
- Sveigjanleiki og færni til að tileinka sér nýja þekkingu og vinnubrögð
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni

Umsjón með störfunum hafa Sigríður Pétursdóttir (sigridur.petursdottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 28. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.



Sérfræðilæknir í þvagfæraskurðlækningum

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í þvagfæraskurðlækningum. Starfshlutfall er 80 % og veittist starfið frá 1. september 2012 eða eftir nánara samkomulagi.

Á skurðlækningasviði starfar öflugt fagfólk sem leggur metnað sinn í að veita framúrskarandi þjónustu. Hlutverk skurðlækningasviðs er að skapa umgjörð um fjölbætta og sérhæfða starfssemi sviðsins sem tryggir örugga þjónustu, menntun og vísindastarf.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Sérfræðistörf í samráði við yfirlækni sérgreinarinnar, s.s. greining, meðferð og eftirfylgd sjúklinga með vandamál er tengjast sérgreininni m.a. þátttaka í göngudeildarþjónustu og samráðskvaðningum
- » Kvíðsjáradgerðir og opnar krabbameinsaðgerðir á þvagfærum
- » Þátttaka í bakvöktum sérgreinarinnar
- » Þátttaka í nýrnaígræðslum
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni

Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning í þvagfæraskurðlækningum
- » Viðtæk reynsla af kvíðsjáradgerðum og opnum krabbameinsaðgerðum á þvagfærum æskileg en ekki skilyrði.
- » Reynsla í kennslu og vísindavinnu æskileg en ekki skilyrði.
- » Góð samskiptahæfni

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 5. mars 2012.
- » Upplýsingar veitir Eiríkur Jónsson, yfirlæknir, eirikjon@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Umsóknnum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, LSH Skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Hringbraut.
- » Mat Stöðunefndar læknaáráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúsáæknna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf“. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



Hugbúnaðarsérfræðingar

Creditinfo auglýsir laus störf hugbúnaðarsérfræðinga vegna aukinna umsvifa erlendis.

Við bjóðum spennandi verkefni í traustu fyrirtæki þar sem unnið er eftir Agile aðferðafræði. Okkur vantar sérfræðinga til að taka þátt í að hanna og þróa kerfi fyrir fjármálafyrirtæki á erlendum mörkuðum.

Við bjóðum upp á:

- Spennandi og fjölbreytt verkefni
- Góðan starfsanda
- Tækifæri til að vaxa í starfi
- Agile / Scrum

Hæfniskröfur

- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Samskiptafærni og hæfni/vilji til að vinna í hóp
- Forritunaræfni/reynsla
- Greiningar- og aðlögunarhæfni auk samvisskusemi

Menntun/Reynsla

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af forritun í .NET, C#, ASP.NET, CSS, javascript og HTML
- Þekking á fleiri forritunarmálum æskileg en ekki nauðsynleg s.s. Ruby, PHP, Java
- Þekking á Microsoft SQL, SQL málinu og TSQL málinu sérstaklega, æskileg

Spurningum varðandi störfin svarar Snorri Jónsson starfsmannastjóri í síma 550 9600 og um tölvupóst, snorri@creditinfo.is.

Umsóknnum ásamt ferilskrá og staðfestingu á menntun skal senda á atvinna@creditinfo.is, merkt Hugbúnaðarsérfræðingur.

Creditinfo
www.creditinfo.is

Höfðabakka 9 Sími: 550 9600
110 Reykjavík Fax: 550 9601

Starfsmaður í atferlismeðferð

Óskum eftir að ráða starfsmann í atferlisþjálfun með einhverfu barni.

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu/menntun við hæfi, t.d. sálfræðinemi, þroskaþjálfari eða hafi unnið við atferlismeðferð áður. Unnið er undir handleiðslu Greiningarstöðvar Ríkissins. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um er að ræða 50-100% starf.

Umsóknarfrestur er til 24. febrúar 2012

Nánari upplýsingar veitir Ída Jensdóttir leikskólustjóri í síma 578 1220 eða á netfangið: ida@sjaland.is. Einnig er hægt að sækja um á vefslóðinni www.sjaland.is



Ert þú leiðtogi?

Sixt á Íslandi leitar að rekstrarstjóra

Í boði er spennandi starf í metnaðarfullu umhverfi þar sem viðkomandi gefst tækifæri til að sýna leiðtogahæfileika. Starf rekstrarstjóra heyrir undir framkvæmdastjóra. Viðkomandi er ábyrgur fyrir starfsstöðvum og starfsfólki Sixt í Reykjavík og Keflavík. Starfið krefst mikillar skipulagshæfni, faglegra vinnubragða og lipurð í mannlegum samskiptum.

Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að taka ábyrgð
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Reynsla af stjórnun vaktavinnustaða er kostur
- Góð tungumálakunnátta

Umsóknir berist til Sixt rent a car, Borgartúni 33, 105 Reykjavík eða á tölvupóstfangið gudmundur@sixt.is fyrir mánudaginn 27. febrúar. Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Orri Sigurðsson.

Sixt er stærsta bílaleiga Þýskalands, stofnuð 1912, og hefur 3500 afgreiðslustaði í yfir 110 löndum. Sixt á Íslandi hefur starfsstöðvar í Reykjavík og Keflavík. Fyrirtækið hefur verið í miklum vexti undanfarin ár með hátt þjónustustig að leiðarljósi.

Sixt rent a car - Borgartúni 33 - 105 Reykjavík
540 2220 - www.sixt.is - sixt@sixt.is



Golden Globe - Besti dramapáttur ársins
HOMELAND
Hefst í mars á Stöð 2

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS



Toyota Kópavogi leitar að söluráðgjafa Nýrra bíla

Við leitum að jákvæðum, drífandi og framsæknum einstaklingi sem hefur áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstarf.

Starfssvið:

- Sala nýrra bíla
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Frágangur á sölu

Hæfniskröfur:

- Mikil þjónustulund og fagmennska
- Þekking og áhugi á bílum
- Reynsla af sölumennsku
- Þekking á Word og Excel

Vinnutími er mánudaga – föstudaga frá kl. 9-18

Toyota leggur mikla áherslu á þarfir og ánægju viðskiptavina. Við kappkostum að ráða til okkar hæfa einstaklinga hverju sinni sem hafa mikinn metnað og falla vel inn í þá samhentun liðsheild sem fyrir er hjá fyrirtækinu.

Umsóknarfrestur rennur út mánudaginn 27. febrúar n.k.

Áhugasamir sendi umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@toyota.is. Nánari upplýsingar veitir Metta Friðriksdóttir á netfanginu metta@toyota.is

Toyota Kópavogi

Nýbýlavegi 4

Sími: 570-5070

www.toyotakopavogi.is

BETONGPARTNER

Verkefnastjórar óskast til Noregs!

BetongPartner AS er hluti ChristiePartner AS samsteypunnar í Noregi. BetongPartner er staðsett í Måndalen í Rauma í Mæri og Romsdalsfylki. Starfsmenn eru um 40 og velta ársins 2011 voru rúm 2 milljarðar íslenskra króna. BetongPartner er verktafyrirtæki sem sérhæfir sig í byggingu steyptra mannvirkja.

Verkefnastjórar (Prospektledere)

BetongPartner óskar eftir að ráða til starfa íslenska verkfræðinga, tæknifræðinga eða byggingarfræðinga með reynslu úr byggingariðnaði. Reynsla af steypuverkefnum æskileg. Fulltrúi fyrirtækisins mun taka viðtöl við umsækjendur á Íslandi í lok febrúar í samvinnu við norsku starfsmannamiðlunina AM Direct AS.

Starfið

Starfið felst í alhliða verkefnastjórn þar með talin ábyrgð á undirbúningi, skipulagi og framkvæmd einstakra byggingarverkefna í samvinnu við aðra stjórnendur fyrirtækisins. Meðal verkefna eru útreikningar vegna tilboðsgerðar, samningagerð, gerð aðfanga- og verkefnaáætlana, eftirfylgni á verkstöðum, ábyrgð á gæðamálum og vinnuöryggismálum.

Í starfinu felst náð samstarf með verkkaupum, undirverktökum, birgjum, ráðgjöfum og öðrum fyrirtækjum innan ChristiePartner samsteypunnar.

Staðsetning

Höfuðstöðvar BetongPartner er í Måndalen en fyrirtækið vinnur að verkefnum víðs vegar um Noreg og því má gera ráð fyrir vinnuferðum á ólíka starfsstaði í Noregi.

Starfsþróun

Sem verkefnastjóri hjá BetongPartner mundu eiga kost á að móta þitt eigið starf og þróa faglega og persónulega eiginleika þína í góðu samkeppnishæfu starfsumhverfi innan ChristiePartner samsteypunnar.

Umsóknir og umsóknarfrestur.

Umsókn ásamt ferliskrá (CV), prófskírteinum ásamt einkunum, réttindaskírteinum, umsögnum fyrri vinnuveitenda og ábending um 2 umsagnaraðila berist í netfangið hallur@amdirect.no ekki síðar en 24. febrúar 2012.

Fulltrúar BetongPartner As. og AM Direct As. munu boða umsækjendur í viðtal dagana 28. og 29. febrúar.



AM Direct A.s
- når du trenger fagfolk



Sumarstarf

Óskum eftir að ráða í starf umsjónarmanns Delta Airlines á Keflavíkurflugvelli sumarið 2012.

Starfið felur í sér daglega umsjón með flugi og samskipti við þjónustuaðila og birgja í samráði við stöðvarstjóra.

Um er að ræða spennandi starf fyrir metnaðarfullan einstakling.

Hæfniskröfur: Góð ensku- og tölvukunnátta, stúdentspróf eða sambærileg menntun. Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar. Lágmarksaldur 25 ár. Reynsla á flugtengdri starfsemi skilyrði.

Umsóknarfrestur er til 23. febrúar 2012.

Sótt er um starfið á www.airportassociates.com



Óskum eftir kælivirkja

Kælismiðjan Frost ehf. óskar eftir kælivirkja með starfsstöð í Garðabæ.

Starfssvið:

- Uppsetning nýrra kerfa
- Breytingar á kerfum
- Þjónusta samkvæmt verkefnum
- Bakvaktarþjónsta

Getum tekið nema á samning í vélvirkjun sem og rafvirkjun.

Starfssemi Frost fellst í hönnun og uppbyggingu nýrra kæli- og frystikerfa sem og viðhaldi og þjónustu á eldri kerfum.

Hjá fyrirtækinu starfa 33 eldhressir Frostarar.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Umsókn sendist á frost@frost.is

Nánari upplýsingar eru á www.frost.is

Kokkur óskast

EFLA verkfræðistofa leitar að þjónustulunduðum einstaklingi í mótuneyti fyrirtækisins að Höfðabakka 9.

Meðal verkefna eru:

- Hádegisverður
- Umsjón með fundaveitingum
- Frágangur og þríf í eldhúsi og matsal
- Umsjón með kaffistofum
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:

- Vanur matreiðslumaður
- Reynsla og þekking úr sambærilegum störfum
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal senda til Ástu Bjarkar Sveinsdóttur, starfsmannastjóra, asta.bjork.sveinsdottir@efla.is, fyrir 27. febrúar.

Einnig veitir Ásta Björk nánari upplýsingar í síma: 412 6041



EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem veitir vandaða þjónustu á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. Við lítum á öll verkefni sem tækifæri til þess að stuðla að framförum og efla samfélagið.

EFLA býður upp á afbragðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheimild yfir 200 samhentra starfsmanna.



HÖFÐABAKKI 9 • 110 REYKJAVÍK • 412 6000 • www.efla.is • ÍSLAND • DUBAI • FRAKKLAND • NOREGUR • PÓLLAND • RÚSSLAND • TYRKLAND

Capacent Ráðningar

SÖLURÁÐGJAFI

Optima óskar eftir að ráða öflugan aðila í starf söluráðgjafa. Í boði er krefjandi starf enda um mjög flókin tæki að ræða. Aðeins aðilar sem hafa reynslu af þessari starfsemi koma til greina.

Starfssvið:

- Sala á tækjum, t.d. prenturum, skönnum og ljósritunarvélum
- Ráðgjöf varðandi búnað og hugbúnað
- Verkefnaöflun og kynningar á þjónustu
- Tilboðs- og samningagerð

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi t.d. á sviði tölvu-, tækni- eða markaðsmála
- Reynsla af sölu á fyrirtækjamarkaði mjög æskileg
- Reynsla, þekking og áhugi á tæknimálum nauðsynlegur
- Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði

Lykileiginleikar viðkomandi eru sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagshæfni og miklir söluhæfileikar. Viðkomandi verður að hafa framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

OPTIMA

NÁMSGAGNASTOFNUN

Tölvunarfræðingur – forritari

Námsgagnastofnun óskar eftir að ráða tölvunarfræðing, eða einstakling með sambærilega menntun, í hálfstarf nú þegar. Viðkomandi þarf að hafa haldgóða kunnáttu í vefsmíði og forritun. Reynsla af forritun flókinna verkefna er nauðsynleg. Reynsla af kennslu í grunnskólum, námsefnisgerð eða skólastarfi almennt er æskileg.

Um er að ræða starf við gerð og útgáfu stafræns námsefnis á vef Námsgagnastofnunar í samstarfi og samráði við ritstjóra stofnunarinnar.

Námsgagnastofnun er leiðandi á sviði námsefnis-útgáfu á Íslandi og leggur metnað sinn í að gefa út fjölbreytt og vandað námsefni fyrir grunnskóla. Útgáfa námsefnis á stafrænu formi er vaxandi þáttur í starfsemi stofnunarinnar.

Boðið er upp á góða vinnuáðstöðu á reyklausum vinnustað. Laun eru samkvæmt kjarasamningum BHM og stofnanasamningi.

Allar nánari upplýsingar um starfið veita Ingibjörg Ásgeirsdóttir forstjóri og Tryggvi Jakobsson útgáfustjóri í síma 535 0400 eða í tölvupósti ingibjorg@nams.is og tryggvi@nams.is

Umsóknum ásamt öllum nauðsynlegum upplýsingum skal koma til Námsgagnastofnunar, Víkurhvarfi 3, 203 Kópavogi, í síðasta lagi 27. febrúar. Með allar upplýsingar verður farið sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.



Iðjubjálfun

Laus er til umsóknar staða sviðsstjóra í iðjubjálfun á hjarta-sviði. Sviðsstjóri ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd iðjubjálfunar á sviðinu í samráði við forstöðuiðjubjálfa.


Hæfniskröfur: Próf í iðjubjálfun frá skóla viðurkenndum af Heimssamtökum iðjubjálfa (WFOT) og með íslenskt starfsleyfi og löggildingu. Æskilegt er að sviðsstjóri hafi að lágmarki 3 ára starfsreynslu, góða skipulagshæfileika og færni í samskiptum.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi iðjubjálfafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings iðjubjálfafélags Íslands og Reykjalundar.

Kynntu þér málið, hafðu samband:
Nánari upplýsingar veitir Lilja Ingvarsson forstöðuiðjubjálfi í síma 585-2153 liljaing@reykjalundur.is

Umsóknarfrestur er til 5.3.2012
Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is

Á Reykjalundi er unnið í þerfaglegri teymisvinnu þar sem áhersla er lögð á skjólstaðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn. Krafist er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
Reykjalundur, endurhæfingarmiðstöð SÍBS. Sími 585 2000 www.reykjalundur.is



Deildarlækna í starfsnámi í lyflækningum

Störf deildarlækna í starfsnámi í almennum lyflækningum á Lyflækningasviði Landspítala eru laus til umsóknar. Starfshlutfall er 100% og veitast störfin á tímabilinu 1. júní til 1. september 2012 eða eftir samkomulagi, í eitt ár í senn.

Á undanförmum árum hefur verið unnið að því að byggja upp sérnám í almennum lyflækningum í samvinnu við sérfræðilækna og námslækna. Með ráðningu skrifstofustjóra almennra lyflækninga og ráðningu sérfræðilæknis í almennum lyflækningum hefur sérnámið enn fremur verið eft. Í náminu felst starfsþjálfun sem fer fram á legu-, dag- og göngudeildum lyflækningasviðs. Sérnámslæknir getur lokið mest 3 árum í þjálfun til almennra lyflækninga á Landspítala.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Þjálfun í almennum lyflækningum með starfi við móttöku og umönnun legusjúklinga
- » Þátttaka í kennslu-, fræðslustarfi og vísindarannsóknnum
- » Þátttaka í dag- og göngudeildarstarfi

Hæfniskröfur

- » Almenn læknagælyfi
- » Vilji til þátttöku í áframhaldandi uppbyggingu sérnáms í almennum lyflækningum
- » Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2012.
- » Upplýsingar veita umsjónardeildarlæknarnir Geir Hirlekar og Ólöf J. Kjartansdóttir, umsjonarlaknar@gmail.com ásamt Mú Kristjánssyni, yfirlækni, framhaldsmenntunarstjóra lyflækningasviðs, netfang markrist@landspitali.is, sími 543 1000.
- » Með umsókn skal leggja fram ferilskrá ásamt gögnum um rannsóknir og ritsmiðar og afrit af prófskránum og læknagælyfi.
- » Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Mú Kristjánssyni, yfirlækni, LSH C9 Fossvogi.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélag og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf“. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklaus vinnustaður

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Vínbúðin Akureyri

Aðstoðarverslunarstjóri

Starfssvið

- Sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Birgðahald og umhirða búðar
- Fylgja eftir þjónustu- og gæðastefnu fyrirtækisins
- Verkstjórn í fjarveru verslunarstjóra

Hæfniskröfur

- Reynsla af verslunarstörfum nauðsynleg
- Reynsla af verkstjórn æskileg
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta er nauðsynleg og er kunnátta í Navision æskileg

Stefna ÁTVR er að vera framúrskarandi þjónustufyrirtæki og þekkt fyrir samfélagslega ábyrgð. Fyrirtækið vill að vinnustaðurinn sé lifandi og skemmtilegur þar sem þjónusta og samskipti einkennast af lípurð, þekkingu og ábyrgð.

Gildi ÁTVR eru LIPURÐ - ÞEKING - ÁBYRGÐ.

Ráðningar í stöður hjá fyrirtækinu munu taka mið af þessum gildum.

Nánari upplýsingar veita:

Elísabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is

Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.vinbudin.is



HAGVANGUR

VÍNBUÐIN
vinbudin.is

comoYo™

ComoYo AS is a Telenor subsidiary located in the Oslo area that builds and delivers internet based services to the consumer market. Our major distribution is through Telenor's large operators globally and typically we provide communication services, streaming TV / film services, music streaming and storage.

We strive for an agile and innovative work environment, where customer experience and scalability is key.

Software Engineers

ComoYo is looking for both junior and senior Software Engineers to design, implement and run world-class internet services.

Skills and requirements

Candidates should have a Master's degree in Computer Science or equivalent. The ideal candidate has product development experience building dependable, large scale distributed software systems. In addition to outstanding problem-solving and algorithm skills, the candidate should be proficient in all areas of software development.

Technologies

Knowledge and experience in the following technologies is considered a plus: UN*X, Java, Networked services (HTTP / REST, Thrift, Avro), NoSQL (Cassandra, Hadoop) search (Lucene, Solr), distributed, and cloud computing.

We receive applications until
February the 27th.

Please fill out an application
at www.hagvangur.is.

For further information
please contact:

Brynhildur Halldórsdóttir,
brynhildur@hagvangur.is

Elísabet Sverrisdóttir,
elisabet@hagvangur.is



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

NÁMSGAGNASTOFNUN

Útgáfustjóri

Námsgagnastofnun óskar eftir að ráða útgáfustjóra frá 1. maí nk. Leitað er að áhugasömum og drifandi einstaklingi með frábæra skipulags-, stjórnumar- og samskiptahæfileika.

Starfssvið

Útgáfustjóri stýrir starfsemi námsefnissviðs. Hann tekur þátt í yfirstjórn Námsgagnastofnunar og annast áætlanagerð, mat á aðsendu efni og tilboðs- og verksamningagerð í samstarfi við aðra. Hann hefur eftirlit með framvindu verkefna og yfirumsjón með ritstjórn, hönnun og framleiðslu efnis. Útgáfustjóri annast einnig ritstjórn.

Hæfniskröfur

Gerð er krafa um háskólamenntun á meistarastigi sem nýtist í starfinu, kennaramenntun og kennslureynslu. Viðtæk þekking á íslenskum grunnskólum og reynsla af ritstjórn og útgáfustörfum æskileg. Góð tölvukunnátta er nauðsynleg svo og góð tungumálakunnátta (enska og Norðurlandamál). Áskilin er mjög góð færni í mannlegum samskiptum og hæfileikar til tjáningar bæði í ræðu og riti.

Námsgagnastofnun er leiðandi á sviði námsefnis-útgáfu á Íslandi og leggur metnað sinn í að gefa út fjölbreytt og vandað námsefni fyrir grunnskóla. Útgáfa námsefnis á stafrænu formi er vaxandi þáttur í starfsemi stofnunarinnar.

Boðið er upp á góða vinnuáðstöðu á reyklausum vinnustað. Laun eru samkvæmt kjarasamningum BHM og stofnanasamningi.

Allar nánari upplýsingar um starfið veita Eiríkur Grímsson starfsmannastjóri og Ingibjörg Ásgeirsdóttir forstjóri í síma 535 0400 eða í tölvupósti eirikur@nams.is eða ingibjorg@nams.is

Umsóknum ásamt öllum nauðsynlegum upplýsingum skal koma til Námsgagnastofnunar, Víkurhvarfi 3, 203 Kópavogi fyrir 6. mars nk. Með allar upplýsingar verður farið sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

Ertu með hvelin klár?

– Við þurfum þau bæði



Hægra heilahvelið fær snilldarhugmynd sem vinstra hvelið forritar og útskýrir. Það hægra tryggir síðan að þú ratir að tölvunni.

Advania leitar að öflugum mannskap. Viðskiptavinir okkar skipta tugþúsundum og við bjóðum fyrirtækjum og einstaklingum heildarlausnir á sviði hugbúnaðar, vélbúnaðar og rekstrarþjónustu.

Við erum skemmtilegasta fyrirtæki landsins í upplýsingatækni og störfum hér heima, í Noregi, Svíþjóð og Lettlandi. Kúltúrin er frjálslægur, vinnutíminn sveigjanlegur og vinnuaðstaðan frábær. Gildi Advania eru ástríða, snerpa og hæfni.

Forritarar í Microsoft SharePoint og CRM

Um er að ræða vinnu með öflugum hópi hugbúnaðarsérfræðinga í fjölbreyttum þróunarverkefnum. Háskólapróf í tölvunarfræði æskilegt, sem og þekking og reynsla af Visual Studio og forritun í .NET umhverfi.

Ráðgjafar í Microsoft SharePoint og CRM

Um er að ræða krefjandi og skemmtileg verkefni þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði og dugnað. Þekking á SharePoint og/eða CRM er æskileg auk reynslu af ferlagreiningum og gerð kröfúlýsinga.

Viðskiptastjóri lykilviðskiptavina

Hlutverk viðskiptastjóra (key account manager) er að sinna afmörkuðum hópi viðskiptavina. Hann ber ábyrgð á samskiptum og samræmingu aðgerða, beinni sölu, samningagerð og eftirfylgni verkefna.

App forritarar

Við leitum að snjöllum aðilum með brennandi áhuga til að vinna við forritun á snjallsíma og spjaldtölvulausnum (iOS og Android). Hugmyndaauðgi og haldgóð reynsla af app-forritun æskileg.

Forritari veflausna

Hér leitum við að snillingum í forritun og uppsetningu vefja fyrir stóran hóp viðskiptavina. Gott vald á m.a. .NET, CSS, HTML, XML, JavaScript og jQuery nauðsynlegt. Áhugi og ástríða fyrir vefmálum er skilyrði.

